



Viðgerð á skökku miðnesi (Septum plastic)

Skekkja á miðnesi er leiðrétt með skurðaðgerð þar sem farið er inn um aðra hvora nösina. Í lok aðgerðar eru yfirleitt settar spelkur og stundum tróð í nefgangana til að halda aðgerðarsvæðinu stöðugu fyrstu dagana eftir aðgerð. Aðgerðin er gerð í svæfingu.

Blóðþynningarlyf

Ef breyta eða stöðva þarf blóðþynningarmedferð fyrir aðgerð er það gert í samráði við skurðlækni.

Náttúru- og fæðubótarefni

Ráðlagt er að hætta notkun allra náttúru- og fæðubótarefna tveimur vikum fyrir aðgerð þar sem þau geta aukið hættu á blæðingu í aðgerð og haft áhrif á verkun lyfja sem notuð eru við svæfingu. Óhætt er að taka áfram inn vítamín og steinefni.

Tóbaksnotkun

Reykingar, nef- og munntóbaksnotkun hafa áhrif á bata eftir skurðaðgerð og geta seinkað því að sár grói og aukið hættu á fylgikvillum aðgerðar. Því er mikilvægt að hætta tóbaksnotkun fyrir aðgerð og vera tóbakslaus í að lágmarki tvær vikur eftir aðgerð. Þeir sem nota tóbak eru hvattir til að hætta og geta fengið aðstoð hjúkrunarfræðings og eftirfylgni í 12 mánuði eftir aðgerð hjá: „Ráðgjöf í reykbindindi“. Starfsmaður spítalans hefur þá samband við ráðgjafarþjónustuna en eins má hringja í gjaldfrjálsa símanúmerið 800 6030. Einnig er bent á www.reyklaus.is.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Símaviðtal vegna svæfingar

Svæfingahjúkrunarfræðingur hringir í sjúkling nokkrum dögum fyrir aðgerð til að kanna hvort eitthvað er í heilsufarssögu sem þarf að taka tillit til við fyrirhugaða svæfingu og veita tækifæri til að spyrja spurninga. Ef eitthvað er óljóst eða nánari rannsókna er þörf, er boðað í innskriftarviðtal á spítalanum fyrir aðgerðina.

Í símaviðtalinu verður spurt um:

- Fyrri reynslu af svæfingum
- Ofnæmi eða óþol fyrir lyfjum
- Hæð og þyngd
- Áfengisneyslu og reykingar
- Gervitennur og tannbrýr
- Heilsufar og sjúkdóma
- Lyfjanotkun, þar á meðal notkun náttúrulyfja og fæðubótarefna

Gott er að hafa lyfjalista við hendina, þar sem upplýsingar verða veittar í símtalinu um hvaða lyf má taka og hvaða lyf á ekki að taka fyrir aðgerðina, þar sem óæskilegt er að taka sum lyf fyrir svæfingu.

Ef vandamál hafa komið upp eftir fyrri svæfingar, til dæmis miklir verkir, ógleði eða uppköst, er mikilvægt að segja frá því.

Kvöldið fyrir aðgerð**Fasta**

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir aðgerð.

Fylgd heim

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins er ráðlegt að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis.

Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér, inniskó, heyrnartól og afþreyingarefni. Notaðu farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Mæting er á dagdeild A5 á 5. hæð Landspítala í Fossvogi, að morgni aðgerðardags.

Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Fyrir aðgerð þarf að vera búið að undirrita samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Til að tryggja öryggi er endurtekið spurt um mikilvæg atriði svo sem nafn, kennitölu, ofnæmi, föstu og tegund aðgerðar.

Fyrir aðgerðina eru gefin verkjalyf í töfluformi sem verka í og eftir aðgerð. Þegar komið er á skurðstofu fer fram frekari undirbúningur fyrir aðgerðina. Settur er æðaleggur í handarbak eða handlegg sem er notaður til að gefa innrennslisvökva og svæfinga- og verkjalyf. Áður en svæft er þarf að anda að sér súrefni í gegnum grímu. Síðan er svæfingalyfi sprautað í æðalegginn.

Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknunardeild og síðan aftur á dagdeild. Ef verkir eða ógleði koma fram er mikilvægt að láta vita svo hægt sé að bregðast við. Eðlilegt er að finna fyrir þreytu og sljóleika fyrst um sinn. Vart getur orðið við hálssærindi vegna svæfingarinnar en þau hverfa að jafnaði á 1-2 dögum.

Eftir aðgerð: • Verkjalyf eru gefin reglulega • Létt máltíð fyrir heimferð • Fótaferð er leyfð strax eftir komu á deild • Þvaglosun er nauðsynleg fyrir útskrift	Fyrir útskrift þarf að vera búið að fá: • Útskriftarfræðslu • Endurkomutíma hjá sérfræðingi • Rafrænan lyfseðil fyrir verkjalyfjum ef þörf er á
--	--

Útskrift

Útskrift er áætluð samdægurs.

Verkir

Búast má við verkjum í nefi fyrstu dagana eftir aðgerðina. Ef verkir eru viðvarandi er æskilegt að taka verkjalyf reglulega yfir daginn, á 6-8 klst. fresti. Smám saman er síðan dregið úr töku lyfjanna með því að minnka skammta eða taka lyfin sjaldnar.

Aðgerðarsvæði

Yfirleitt er tróði eða spelkum komið fyrir í nefi í lok aðgerðar og er það fjarlægt í endurkomutíma hjá lækni. Á meðan bólga er til staðar getur verið gott að nota kælípoka til að minnka bólgu og hafa hátt undir höfði þegar legið er.

Mataræði

Borða má eins og áður en ráðlagt er að forðast heita drykki fyrstu þrjá dagana eftir aðgerð meðan hætta er á blæðingu úr nefi.

Hreyfing

Fyrstu vikunnar eftir aðgerð ber að forðast athafnir sem fela í sér áhættu á að fá högg á nefið, t.d. íþróttaiðkun. Ekki má snýta sér og ráðlegt er að hnerra með opinn munn á meðan sárið er að gróa.

Vinna

Hafa þarf samráð við lækni um það hvenær byrja má að vinna aftur, en það fer eftir eðli starfs og líðan. Hægt er að fá veikindavottorð í endurkomutíma.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerð á dagdeild. Verðskrá er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Hafa þarf samband við dagdeildina ef eftirfarandi hættumerki koma fram:

- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Viðvarandi blæðing er frá nefi
- Viðvarandi nefstífla er eftir að tróð er tekið
- Verkir í eða kringum skurðsvæði minnka ekki þótt verkjalyf séu tekin
- Stöðug ógleði eða uppköst

Dagdeild A5 er opin virka daga frá kl. 7 til 22, sími: 543 7570.

Göngudeild skurðlækninga B3 er opin frá kl. 8 til 16, sími: 543 7390.

Utan þess tíma er hægt að fara á bráðamóttöku í Fossvogi.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyra um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennslspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:

LANDSPÍTALI
SKURÐLÆKNINGASVIÐ
OKTÓBER 2018
LSH-1793

ÁBYRGÐARMENN:

YFIRLÆKNIR HÁLS-, NEF- OG
EYRNALÆKNINGA OG DEILDARSTJÓRI
DAGDEILDAR SKURÐLÆKNINGA A5

HÖNNUN:

SAMSKIPTADEILD